

## Ársskýrsla Maríuhúss 2020

### Skjólstæðingar

Maríuhús er með leyfi fyrir 22 skjólstæðinga dag hvern.

Á árinu 2020 voru 47 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu Maríuhúss, 15 karlar og 32 konur. Af þeim bjuggu 25 með maka eða barni en 22 bjuggu einir. Meðalaldur þeirra var 79,2 ár (63 til 93 ára).

Meðaldvalartími þeirra sem útskrifuðust á árinu var 8,2 mánuðir en sá sem var styst var í rúman hálfan mánuð en sá sem var lengst hafði verið í 38,5 mánuði, rúm 3 ár.

Um áramót 2020/2021 voru 28 einstaklingar skráðir í Maríuhús. Þeir koma 2 til 5 daga í viku. Tíu skjólstæðingar fá aðstoð við böðun, einu sinni til tvisvar í viku. Ellefu skjólstæðingar fara með okkur í sund einu sinni í viku en sunnið hefur í tvígang á árinu legið niðri vegna Covid.

Tveir skjólstæðingar fá hvatningu og aðstoð við tannburstun. Einnig er einum skjólstæðingi veitt regluleg aðstoð við að skipta um bleyjubuxur og tveir fá aðstoð við salernisferðir.

Níu skjólstæðingar fá aðstoð við lyfjatöku, ýmist í formi tafla, plástra eða sprauta.

Heimaþjónustan/heimahjúkrun hefur sinnt 22 af skjólstæðingum Maríuhúss á árinu. Það er meðal annars aðstoð við athafnir daglegs lífs, lyfjagjafir og eftirlit/stuðningur.

Níu skjólstæðingar fengu færni og heilsumat á árinu og tveir útskrifuðust héðan í biðpláss á spítala.

Nánari tölulegar upplýsingar og samanburður frá árinu 2012 er hér aftast.

### Starfsmenn

Á árinu varð lítil breyting í starfsmannahópnum en þó hætti ein í haust sem hafði verið að vinna hjá okkur síðustu tvö sumur og með skóla og einn af sumarstarfsmönnum okkar fastréð sig í haust í staðinn.

Fimm sumarafleysingastarfsmenn voru hjá okkur í sumar, þrjár þeirra höfðu verið hjá okkur áður.

Forstöðumaður kom úr fæðingarorlofi um mitt sumar en byrjaði á að klára uppsafnað sumarfrí svo að afleysari var að störfum fram í byrjun september.

Í upphafi árs voru 8 starfsmenn í 6,3 stöðugildum en 8 starfsmenn í 6,9 stöðugildum í lok árs. Nú um áramót starfa í húsinu hjúkrunarfræðingur, þroskaþjálfari, sjúkraliði með sérnám í öldrun, sjúkraliði, félagsliði, sjúkraliðanemi og tveir almennir starfsmenn.

Sú óvenjulega staða kom upp í sumar að þrír af fastráðnum starfsmönnum fóru í löng veikindaleyfi (3, 5 og 6 vikur) og því var óvenju margt sumarafleysingafólk.

Starfsdagar hússins voru nýttir í skipulag, undirbúning á virkni og fræðslu.

Vegna Covid faraldursins var lítið hægt að sækja fræðslu út fyrir húsið eða fara á fyrirlestra en við nýttum okkur þó upptökur af fræðslufyrirlesturum á heimasíðu Alheimersamtakanna. Við höfðum ekki starfsdaga í sumar.

Forstöðumaður sat ráðstefnu Alzheimer Europe í október en hún var rafræn að þessu sinni.

## Nemar

Það er alltaf eitthvað um nemaheimsóknir. Á vorönn kom þroskaþjálfanemi í 8 vikna vettvangsnám og á haustönn kom sjúkraliðanemi í 3 vikna verknám. Einn starfsmaður Maríuhúss er í sjúkraliðanámi og fékk að taka starfsnámið sitt hér að hluta á haustönninni.

## Ytri þjónusta

Kjartan og Þórunn sjá um akstur fyrir Maríuhús eins og áður. Á árinu hafa 44 skjólstæðingar nýtt sér akstursþjónustu.

Sú breyting varð á lækniþjónustu í haust að Helga Eyjólfsdóttir, öldrunarlæknir hætti hjá okkur og Þórhildur Kristinsdóttir tók við. Hún er líka öldrunarlæknir á Landakoti og kemur á tveggja vikna fresti til okkar. Hún er þó til taks símleiðis og/eða í tölvusamskiptum þegar á þarf að halda.

Vegna Covid féllu út lækniheimsóknir bæði vor og haust en í byrjun desember vorum við komin á rétt ról aftur.

Það kemur fótaaðgerðarfræðingur í Maríuhús eftir þörfum og sinnir skjólstæðingum okkar sem þess óska. Einnig kemur hárgreiðslukona í húsið eftir þörfum en það er sú sama sem hefur sinnt Maríuhúsi frá upphafi.

Skjólstæðingarnir borga sjálfir fyrir fótaaðgerð og hárgreiðslu en það sparar tíma og skul fyrir aðstandendur að geta fengið þessa þjónustu hér í húsinu.

Á árinu var haldin söfnun á vegum okkar og Margrétar, fótaaðgerðafræðings og safnað fyrir stól sem að kemur sér vel í fótaaðgerðunum og nýtist sjúkraþjálfanum líka. Stóllinn kom í hús á haustdögum.

Sjö skjólstæðingar fengu á árinu heimasjúkraþjálfun hingað í Maríuhús.

Sólar sér um þrif í Maríuhúsi og þau koma þrisvar í viku. Í haust voru þau fengin til að koma líka hina tvo dagana og sótthreinsa snertifleti.

## Aðstaða

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði Maríuhúss og hefur sinnt almennu viðhaldi á húsnæðinu. Eftir stórframkvæmdir á árinu 2019 var fremur rólegt þetta árið. Ofnar voru þó endurnýjaðir og vegna raka og tregs loftstreymis stendur til að setja túður í rúður og laga tvær sprungur í tréverki á neðri hæðinni. Þær framkvæmdir náðust þó ekki á þessu ári.

Í 8 ár hefur verið á dagskrá að þússa og lakka allt parkett á efri hæðinni, það fékkst loksins vilyrði fyrir því og verður farið í það á nýja árinu.

Garðurinn fyrir framan húsið er alltaf mikið nýttur, við sleikjum sólina þegar hún sést, syngjum, lesum og leikum okkur. Svo vorum við svo heppin að hafa sumarstarfsmann sem hlóð hellum í kringum stóra blómabeðið, það alveg gjörbreytti ásýnd stéttarinnar. Stóra öspin var felld í vor en rætur hennar voru að koma upp út um allan garð. Við bárum viðarvörn í stóla og borð og eiginmaður eins starfsmannsins sagaði og þússaði spýtur og endurnýjaði í bekkjunum okkar. Allt í sjálfboðavinnu.

## Starfið

Vissulega hefur Covid faraldurinn sett svip sinn á Maríuhús eins og annað í þjóðfélaginu. Við vorum þó strax undanskilin fjöldatakmörkunum, þurftum ekki að miða við 10 manna hóp þegar það var í gildi og áttum bara almennt að nota skynsemina. Við þurftum því ekki að skipta hópnum niður og fækka dögum hjá fólki heldur héldum okkar striki með öllum þeim varúðarráðstöfunum sem hægt var að taka. Við minnstu veikindi fór starfsfólk í skimun, og skjólstæðingar reyndar líka.

Þegar faraldurinn skall á af fullum þunga voru sex skjólstæðingar sem að fóru í sjálfskipaða sóttkví, mislanga. Einnig lenti starfsfólk í sóttkví.

En við sluppum vel, það barst ekkert smit í húsið og í þriðju bylgju var heldur meiri ró yfir ástandinu. Þá tók enginn sér frí vegna Covid og enginn starfsmaður lenti í sóttkví.

Við hættum að fara út úr húsi og fengum enga gesti til okkar, á meðan verstu bylgjurnar gengu yfir og fylgdum til hins ítrasta leiðbeiningum samráðshóp um hjúkrunarheimili og dagdvalir sem hefur starfað frá upphafi.

Við sóttreinsuðum sameiginlega snertifleti daglega og fækkuðum þessum sameiginlegu snertiflötum með því að skammta mat á diska og hella í bolla fyrir fólk svo að eitthvað sé nefnt. Enginn kemur lengur inn í húsið án þess að þvo sér um hendurnar og spritta og aftur er sprittað fyrir alla matmálstíma. Starfsfólkið hefur notað grímur í þriðju bylgjunni því ekki er hægt að tryggja 2 metra regluna. Því hafa starfsmenn ekki getað matast með skjólstæðingunum eins og venjan er.

Eiga starfsmenn, skjólstæðingar og aðstandendur mikinn heiður skilinn fyrir dugnað, þrautseigju og ósérhlífni í gegnum þetta ástand.

Í Maríuhúsi leggjum við nú sem áður megináherslu á að sinna skjólstæðingum okkar og aðstandendum þeirra af alúð og virðingu. Við virkjum skjólstæðinga okkar eftir besta megni til að viðhalda og efla líkamlega, vitræna og félagslega færni þeirra.

Við leggjum áherslu á að virkni fari fram í minni hópum því skjólstæðingahópur okkar nýtur sín betur þannig. Við eflum líkamlega færni með stólaleikfimi og gönguferðum, við eflum félagslega færni með samveru og við eflum vitræna færni með bæði iðju eins og kertagerð, þæfingu, málun, mósaík, smíðum og fleira. En einnig ýmissi hugarleikfimi; við lesum bækur, tölum um ferðalög, spilum ýmis spil og svo mætti lengi telja.

Öllu jafna höfum við fengið skjólstæðinga okkar aðstoða okkur við eldhúsverkin, leggja á borð, baka með okkur og vaska upp, þannig að þeir fái hlutverk og þjálfun sem nýtist þeim heima. En vegna Covid hefur lítið verið um að þau aðstoði okkur við heimilisverkin þetta árið.

Við höfum áfram tekið þátt í verkefninu Listir og menning sem meðferð. Listasafn Íslands býður skjólstæðingum okkar að koma, ásamt aðstandanda, í leiðsögn á listasafnið einu sinni í mánuði. Þeir skjólstæðingar sem hafa áhuga og eiga aðstandanda sem getur tekið þátt í

Þessu með þeim, eru velkomnir. Það hafa verið að fara á bilinu 4 til 7 skjólstæðingar í hvert sinn. Mikil ánægja er hjá öllum með þetta verkefni en þetta datt því miður upp fyrir þegar Covid hófst. Verkefninu er þó haldið vakandi og verður farið í gang þegar að aðstæður leyfa.

Prestar og/eða djákni Bústaðakirkju, ásamt organista, koma mánaðarlega yfir vetrartímann og leiða helgistund. Vegna Covid hefur þó meirihluti heimsókna frá þeim fallið niður þetta árið. Tvisvar á ári höfum við farið til þeirra, á vorin er okkur boðið í grillaðar pylsur og fyrir jólin er kökuhlaðborð í safnaðarheimilinu. En þetta árið var báðum þessum viðburðum aflýst vegna Covid.

Við höfum fengið mun færri gesti í húsið en í meðalári; rithöfundar, tónlistarfólk og skemmtikraftar hafa þó glatt okkur með nærveru sinni og í mörgum tilfellum kemur fólk til okkar án endurgjalds sem er ómetanlegt.

Bæði vorferðin okkar og sumarferðin féllu niður en við náðum að fara í haustlitaferð á Þingvöll rétt áður en öllu var skellt í lás vegna þriðju bylgjunnar. Við skoðuðum sýninguna þar sem ber heitið Í hjarta lands og Þjóðar. Þetta er gagnvirk sýning og það var einstaklega ánægjulegt að sjá hvað skjólstæðingarnir sökktu sér ofan í sýninguna og nutu þess að fíkta og snúa og breyta eftir því sem við átti.

Við náðum einnig að fara á tónleika, í ísbíltúra, á billjardstofu, í grasagarðinn og kaffihús svo að eitthvað sé nefnt.

Við höfum undanfarin ár boðið mökum skjólstæðinganna að taka þátt í ýmsu með okkur, þjóðum þeim alltaf á Litlu jólin og Þorrablót og einnig í sumarferðina í ágúst/september. Covid eyðilagði þetta eins og svo margt annað! Makar náðu að vera með okkur á þorrablótinu en ekkert eftir það. Venjulega er þátttaka maka góð í öllu því sem við þjóðum þeim og mikil ánægja með þessa daga.

Stór þáttur í starfi okkar er fjölskylduhjúkrun en aðstandendur eru þeir sem gera skjólstæðingum okkar kleift að búa heima sem lengst. Aðstandendur þurfa á öllum þeim stuðningi sem í boði að halda til að geta hugsað um ástvin sinn. Í sameiningu geta dagþjálfun og aðstandendur unnið kraftaverk.

Við aðstoðum fólk við að meta hvenær þörf er á meiri aðstoð (í Maríuhúsi eða frá félags eða heimaþjónustu). Við ráðleggjum hvíldarinnlagnir á hjúkrunarheimili og aðstoðum fólk í því ferli. Á árinu fóru 9 skjólstæðingar í hvíldarinnlögn. Dvöl þeirra var á bilinu 2 til 5 vikur, að meðaltali tæpar 3 vikur.

Einnig veitum við stuðning þegar kemur að því að sækja um varanlega dvöl á hjúkrunarheimili fyrir viðkomandi en það geta verið þung skref fyrir alla.

Markmið okkar fyrir komandi ár er að rífa okkur upp úr Covid lögðinni og halda áfram því góða starfi sem hér er unnið svo að skjólstæðingar okkar geti notið líðandi stundar og búið sem lengst heima, við sem besta heilsu og aðbúnað.

Reykjavík, 23. febrúar 2021

---

Ólína Kristín Jónsdóttir  
hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Maríuhúss

	2020	2019	2018	2017	2016	2015	2014	2013	2012
Fjöldi skjólstæðinga	47	57	43	56	47	40	45	42	46
Innskriftir	16	31	12	28	22	16	20	17	22
Útskriftir	19	24	17	25	19	15	21	17	21
Meðalbiðtími eftir innskrift	5,8 mán	5,4 mán	12,6 mán	8,0 mán	10,8 mán	8,9 mán	8,1 mán	8,1 mán	9,0 mán
mest	36,9 mán	17 mán	21,8 mán	28,5 mán	36,3 mán	29,6 mán	24,1 mán	21,2 mán	20,1 mán
minnst	0,07 mán	0,25 mán	5,2 mán	0,3 mán	0,4 mán	1,5 mán	2,6 mán	4,2 mán	2,9 mán
Meðaldvalartím i útskrifaðra	8,2 mán	13,2 mán	20,3 mán	21,5 mán	19,2 mán	17 mán	16,6 mán	20,7 mán	19,7 mán
mest	38,5 mán	35,6 mán	55 mán	61,6 mán	52,6 mán	28 mán	40,4 mán	52,8 mán	47,3 mán
minnst	0,6 mán	1,2 mán	8,1 mán	4,1 mán	2,8 mán	5,7 mán	4,1má n	3 mán	3,2 mán
Meðalaldur	79,2	80,7	80,8	82,4	83,3	81,2	78,4	77,5	79,3
elst	93	98	95	95					0
yngst	63	62	61	61					
Konur	32	36	25	32	23	22	20	19	25
Karlar	15	21	18	24	24	18	25	23	21
Búa einir	22	29	17	24	15	12	16	18	17
Fá heimaþjón.	22	17	17	25	20	15	16	19	25
Fóru í hvíldarinnlögn	9 (9 innlag nir)	12 (19 innlag nir)	15 (23 innlag nir)	8 (9 innlag nir)	11 (19 innlag nir)	10 (18 innlag nir)	11	13	15
meðaltími í hvíld	2,8 vikur	3,9 vikur	2,2 vikur	2,2 vikur	2,2 vikur	2,8 vikur	3,3 vikur	4,25 vikur	3,25 vikur
Notfæra sér akstursþjón.	44	48	39	51	44	38	41	37	40
Fengu Færni og heilsumat	9	16	16	8	16	11	9	13	11
Meðalbiðtími eftir hjúkrunarrými	3,4 mán	4,5 mán	4,9 mán	3,6 mán	4,9 mán	2,3 mán	3,2 mán	3,2 mán	3,9 mán
mest	14,3 mán	9,3 mán	16,2 mán	7,5 mán	27,7 mán	6,8 mán	7,2 mán	6,6 mán	7,6 mán
minnst	1 dagur	1,1 mán	1,5 mán	0,5 mán	0,7 mán	0,2 mán	0,2 mán	0,9 mán	1,1 mán
Sjúkrahúsinnlag nir	8 (8 skjólst )	12(12 skjólst )	20 (15 skjólst )	15 (11 skjólst )	7 (7 skjólst )	11 (8 skjólst )	11 (9 skjólst .)	13 (10 skjólst .)	17 (15 skjólst .)
Útskrift á spítala	2	11	8	7	3	5	6	3	6
Andlát (heima eða á spítala)	1	1	0	0	0	1	2	0	4